

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Stykkishólmsbæ.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkti 24. nóvember 2016, deiliskipulag fyrir Vatnsás ásamt breytingu á deiliskipulagi Nýræktar í Stykkishólmi:

*Vatnsás, deiliskipulag.*

Um er að ræða nýtt deiliskipulag Vatnsáss. Svæðið er í heild 5,19 ha og er á svokölluðum Vatnsás. Markmið með deiliskipulagi þessu er tvíþætt, annars vegar skipulag íbúðarbyggðar og hins vegar ferðaþjónustusvæðis.

Deiliskipulagið við Vatnsás hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Nýrækt, deiliskipulagsbreyting.*

Um er að ræða breytingu á lóð Nýræktar nr. 3, þar sem hluti af deiliskipulagi íbúða- og ferðaþjónustuhverfis Vatnsáss fer að hluta inn á lóð nr. 3.

Deiliskipulagsbreytingin við Nýrækt hefur hlotið meðferð skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*Stykkishólmi, 9. janúar 2017.*

**Sigurbjartur Loftsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.